

# Upplýsingafundur rektors

21. september 2023

Jón Atli Benediktsson, rektor

# Yfirlit

1. Nokkrir nýliðnir viðburðir
2. Fjármál
3. Gæðamál
4. Gervigreind og háskólastarf
5. Nemendur og nám
6. Samgöngu- og bílastæðamál
7. Fréttir af fræðasviðunum
8. Fram undan

# 1. Nokkrir nýliðnir viðburðir



**Brautskráningarathöfn í Laugardalshöll 24. júní**



2.832 kandídatar brautskráðust sem er metfjöldi

Háskóli unga fólksins haldinn 10.-14. júní



**Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor,  
nýr aðstoðarrektor vísinda frá 1. júlí**



**Undirritun viljayfirlýsingar um aukið samstarf og mögulega sameiningu HÍ og Hóla 15. ágúst**





Skólabæjarhópurinn, vettvangur fyrrverandi starfsfólks HÍ, hittist í Eddu 13. september

Stefnufundur um nýja jafnréttisáætlun HÍ 14. september

A photograph of a man and a woman standing in front of a lush, green living wall. The man on the left is wearing a dark blue suit, a white shirt, and a red tie. He has grey hair and is wearing glasses. The woman on the right has short blonde hair and is wearing a blue and white vertically striped button-down shirt. Both are smiling at the camera. A yellow text box is overlaid at the bottom of the image.

**Heimsókn Krístrúnar Frostadóttur,  
formanns Samfylkingarinnar, 18. ágúst**



**Heimsókn allsherjar- og menntamálanefndar 19. september**


Unnið að merkingum bygginga HÍ



A photograph of a person sitting on a balcony with a glass railing, silhouetted against a bright sunset sky. The balcony is part of a modern building with large glass windows. The person is looking out at the view.

## 2. Fjármál

## Samanburður á útgjöldum á hvern ársnema á Norðurlöndum 2008-2020 (í USD á verðlagi hvers árs)



## Boðaðar áherslur í ríkisfjármálum

- Aukið aðhald í ríkisútgjöldum
- Lækkun launakostnaðar og aðhald í rekstri
- Einföldun stofnanakerfis ríkisins, forgangsröðun í rekstri og fækkun stöðugilda
- Aukinn samrekstur, hagkvæm innkaup, lægri ferðakostnaður, sameiginleg vinnurými, efling stafrænnar þjónustu




# Fjárlagafrumvarp fyrir 2024



Frumvarp til fjárlaga 2024 – greitt úr ríkissjóði	m.kr.
Launa og verðlagsbætur:	1.556
Háskóli Íslands: Framlög vegna nemendafjölgunar í Covid falla niður	-928
Útfærsla aðhaldskröfu	-158
Útfærsla á sértæku aðhaldi: 0,5% aðhald á önnur gjöld og 0,25% aðhald á launalið	-101
Útfærsla á sértæku aðhaldi: Lækkun ferðakostnaðar	-72
	<b>297</b>
<b>Breytingar sem ekki hafa áhrif á greiðslur úr ríkissjóði:</b>	
Fjárfestingaframlag HHÍ vegna uppbyggingar HVS (hækkun úr 425 m.kr. í 1.638 m.kr.)	1.213
Uppfærð tekjuáætlun í fjárlögum 2024	1.323

Áhrif árangurstendrar fjármögnunar koma fram í 2. umræðu frumvarps




Árangurstengd fjármögnun háskóla –  
nýtt reiknilíkan



# Kennsluhluti

Þreyttar einingar → Loknar einingar

Aðföng → Afköst



Fækkun reikniflokka úr 15 í 4

Loknar einingar  
42%

## Reikniflokkar

Allar námsleiðir sem kenndar eru á Íslandi flokkaðar í fernt eftir ISCED-númerum, leiðrétt eftir atvikum.

## 4 flokka kerfið

Loknar einingar innan ákveðinnar námsleiðar vigtaðar í samræmi við reikniflokk námsleiðarinnar

- 1 Félags-, hug- og menntavísindi auk aðfaranáms
- 2 Kennaranám, félagsráðgjöf, sálfræði, tölvunarfræði og stærðfræði
- 3 Heilbrigðisvísindi, raunvísindi, verk- og tækninám
- 4 Læknis- og tannlæknisfræði, listnám, búvísindi, hestafræði

## 4 flokka kerfið

Loknar einingar innan ákveðinnar námsleiðar vigtaðar í samræmi við reikniflokk námsleiðarinnar

- 1 Félags-, hug- og menntavísindi auk aðfaranáms
- 2 Kennaranám, félagsráðgjöf, sálfræði, tölvunarfræði og stærðfræði
- 3 Heilbrigðisvísindi, raunvísindi, verk- og tækninám
- 4 Læknis- og tannlæknisfræði, listnám, búvísindi, hestafræði

41% nemenda

24% nemenda

28% nemenda

7% nemenda

Stuðull

1

1,5

2

4

# Rannsóknahluti

Umbunað fyrir árangur og gæði í rannsóknum með fjölbreyttum mælikvörðum

15%

Birtingatölfræði 8%

Útskriftir (Ph.D.) 2%

Erlendir styrkir 5%

- Hingað til hafa fjárveitingar ríkis til háskóla ekki tekið mið af rannsóknavirkni
- Ætlunin er að dreifa hluta fjármagnsins til skólanna á grundvelli frammistöðu í rannsóknum og birtingum vísindagreina

# Rannsóknahluti

Umbunað fyrir árangur og gæði í rannsóknum með fjölbreyttum mælikvörðum

15%

Birtingatölfræði 8%

Útskriftir (Ph.D.) 2%

Erlendir styrkir 5%

- 9 m.kr. framlag vegna útskrifta doktorsnema - mikil hækkun
  - Stuðlar að aukinni rannsóknavirkni og hvati fyrir skólana að styðja nemendur í gegnum doktorsnám

# Rannsóknahluti

Umbunað fyrir árangur og gæði í rannsóknum með fjölbreyttum mælikvörðum

15%


Birtingatölfræði 8%

Útskriftir (Ph.D.) 2%

Erlendir styrkir 5%

- Umbunað fyrir erlenda styrkjasókn
  - Mikilvægt fyrir rannsóknir og samkeppnishæfni Íslands
  - Hæstu fjárhæðirnar koma úr Horizon áætlun ESB og ERASMUS áætlun





## Háskólastarf í þágu samfélags

25%

Kennsluauki	5%
Rannsóknarauki	5%
Efling byggða	3%
Innleiðing	6%
Sókn háskóla	6%



Samfélagslegt  
hlutverk

## Samstarf háskóla – áherslur annarrar lotu

1. Sameining háskóla
2. Stjórnsýsla, stoðþjónusta og nýting innviða til að auka gæði, hagkvæmni og skilvirkni
3. Lausnir við samfélagslegum áskorunum, s.s. loftslagsmálum, heilbrigðisþjónustu og gervigreind
4. Nýsköpun í háskólastarfi, s.s. með nútímalegri kennsluháttum, þverfaglegu námi og fjarnámi
5. Alþjóðleg sókn íslenskra háskóla og alþjóðavæðing
6. Iðkun á þriðja hlutverki háskóla, s.s. með áherslu á lýðræðislega umræðu, íslenskunám og fjölgun nema í háskólum með áherslu á fjölbreytni

## Samstarf háskóla – verk- og tímaáætlun

- Rektor, aðstoðarrektorar og forsetar fræðasviða halda utanum málið
- 20. sept.: Frestur til að koma á framfæri 250 orða lýsingu á verkefnatillögum
- 29. sept.: Endanlegt yfirlit umsókna (bæði vegna verkefna sem HÍ leiðir og vegna verkefna sem aðrir háskólar leiða og HÍ tekur þátt í) liggi fyrir
- 6. okt.: Lokadrög umsókna liggi fyrir
- 15. okt.: Skilafrestur umsókna til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins

### 3. Gæðamál

## Fundur með fulltrúa Gæðaráðs háskóla einu ári eftir birtingu ytri matsskýrslu um HÍ

- Farið yfir 12 helstu ábendingar sem fram komu í skýrslu Gæðaráðs
- Áhersla á að HÍ vinni markvisst að endurskoðun á vald- og ábyrgðarsviði deilda
- Betra jafnvægi milli miðstýringar og dreifstýringar
- Samhæfing ferla
- Skýra betur hlutverk Miðstöðvar framhaldsnáms

## Ný áætlun Gæðaráðs háskóla fyrir 2024-2029 í undirbúningi

- Heitir núna „External Quality Assurance within the Icelandic Quality Enhancement Framework“
- Áherslur:
  - „Higher Education provision and the student learning experience“
  - „Research and Innovation“
  - „Internal Quality System and Strategic Management“
  - „An evaluation area selected by the Higher Education Institution“
- Ekki gerð krafa um sjálfsmat deilda
- Einkunn/niðurstaða ytra mats er „pass“ eða „follow-up review required“
- Árlegir fundir með fulltrúa Gæðaráðs



## 4. Gervigreind og háskólastarf



## Notkun gervigreindar og spjallmenna

- Öld gervigreindar (e. Artificial Intelligence) er runnin upp
- Nýrri tækni fylgja ný tækifæri og nýjar áskoranir
- Kallar á skipulega umræðu um nám og námsmat
- Upplýsingasíða HÍ um gervigreind: [gervigreind.hi.is](https://gervigreind.hi.is)


## Rammi um notkun gervigreindar í háskólastarfi

- Getur verið áhrifaríkt tæki til að einfalda og flýta fyrir vinnu
- Eðli máls samkvæmt þarf nýting gervigreindar að uppfylla allar kröfur HÍ frá tæknilegu og siðferðilegu sjónarhorni
- Um notkun gervigreindar í skólastarfi gilda sömu reglur og um notkun annarra heimilda og aðstoðar; geta þarf uppruna og nota tilvitnanir og heimildir skv. viðurkenndum stöðlum HÍ
- Sömu siðferðislegu reglur og skyldur og þegar um er að ræða önnur tæki og tól
- Um misnotkun gervigreindar gilda sömu reglur og um annað akademískt misferli




## 5. Nemendur og nám

## Fjöldi nemenda 20. október




\* Áætlun

## Fjöldi eftir kyni




\* Áætlun


## Þróun fjölda alþjóðlegra nemenda 2000-2023



# Alþjóðlegir nemendur við Háskóla Íslands 2020-2023




Alls 2.061 nemandi frá 108 þjóðlöndum (hér: 14 fjölmennustu löndin)






## Alþjóðlegir nemendur eftir námsstigi 2022-2023



## Fjöldi alþjóðlegra nemenda eftir fræðasviðum



## Aurora samstarfið

1. Háskóli Íslands
2. VU Amsterdam
3. University of East Anglia
4. Copenhagen Business School
5. University Duisburg-Essen
6. Palacký University Olomouc
7. University of Innsbruck
8. University of Rovira i Virgili
9. University of Naples Federico II
10. University Paris-Est Créteil



## AURORA – evrópskur háskóli fjármagnaður af ESB

- Styrkumsókn sem leidd var af HÍ skilað inn í janúar til ESB fyrir áframhaldandi fjármögnun 2023-2027
- Styrkur að upphæð 14,4 milljónir evra (rúmir 2 milljarðar kr.) fékkst í byrjun júlí
- HÍ fær um 16,5% af styrknum (um 360 milljónir kr.)
- Fulltrúar ýmissa sviða í vinnuteymum; kennarar, stúdentar og stjórnsýslufólk
- „Kick off“ fundur í Reykjavík í nóvember

 AURORA  
2030

## Endurskoðun á viðmiðum um æðri menntun og prófgráður

- Gefin út af HVIN (núgildandi viðmið eru frá 2011)
- Kerfisbundin lýsing á uppbyggingu náms og prófgráða á háskólastigi
- Mæla fyrir um einingafjölda á bak við diplómapróf, bakkalárpróf o.s.frv.
- Hæfniramma evrópska háskólasvæðisins samþykktur 2005 og endurskoðaður 2018:
  - Stutt nám á grunnstigi (short cycle qualifications) 90-120 ECTS
  - Fyrsta þrep (e. „first cycle qualifications“) 180-240 ECTS
  - Annað þrep (e. „second cycle qualifications“) 90-120 ECTS
  - Þriðja þrep (e. „third cycle qualifications“) einingarfjöldi ekki tilgreindur

## Endurskoðun viðmiðanna

- Drög að endurskoðuðum viðmiðum birt í Samráðsgátt í febrúar 2022
- Markmið: Samræma íslenskar háskólagráður betur hæfniramma Evrópu
- Helstu breytingar skv. drögnum:
  - Lágmarkseiningafjöldi á bak við skilgreind námslok verður 60 ECTS
  - Heimilt verður að veita M.Phil.-próf sem er meistarapróf á doktorsstigi
  - Óheimilt verður að meta einingar sem þreyttar hafa verið á tilteknu háskólaprepi yfir á hærra háskólaprep séu þær hluti af kjarnahæfni námsins
  - Heimilt verður að bjóða upp á „örnám“ (e. micro-credentials)

## Hvað er örnám?

- Stutt nám sem miðar að því að veita nemendum sértæka þekkingu eða hæfni
- Samfélagsbreytingar, s.s. tæknibreytingar og breytingar í atvinnulífi, kalla á aukinn sveigjanleika og fjölbreytni náms á öllum skólastigum
- Eftirspurn og framboð á örnámi hefur aukist á heimsvísu
- Áhersla á örnám í „hæfniáætlun“ ESB (e. European Skills Agenda)
- Örnám á háskólastigi er nú þegar í boði víða í ríkjum Evrópu
- Unnið að þróun örnáms á háskólastigi á vettvangi evrópska háskólasvæðisins (e. European Higher Education Area, EHEA)

## Örnám innan evrópska háskólasvæðisins

- Námið skal metið til ECTS-eininga, en enginn lágmarkseiningafjöldi
- Námið fer í gegnum sama gæðakerfi og annað háskólanám
- Skilgreina þarf hæfniviðmið fyrir örnám, líkt og fyrir hefðbundnar námsleiðir
- Nemandi fær staðfest námsvottorð með svipuðum upplýsingum og koma fram á prófskírteini og í skírteinisviðauka
- Unnt verður að „stafla upp“ örnámi (e. „stackability“) en skilgreind námslok verða þó aldrei byggð á örnámi eingöngu
- Unnið er að ítarlegum viðmiðum og leiðbeiningum um örnám fyrir háskóla



## Staðan innan HÍ

- Námskeið í grunnnámi geta ekki verið skyldunámskeið á framhaldsstigi
- Ákveða þarf hvað gera eigi við 30 ECTS námsleiðirnar
- Samtals er nú um að ræða 34 slíkar námsleiðir innan HÍ, þar af 23 á FVS
- Þrír valkostir:
  - Leggja námið niður
  - Stækka námsleið í 60 eða 90 ECTS
  - Breyta námsleið í örnám



## Álitaefni og spurningar

- Háskóli Íslands hefur óskað eftir að breytingar taki ekki gildi fyrr en skólaárið 2025-2026
- Á að bíða með breytingar til 2025 eða á að ljúka þeim fyrr?
- Er fýsilegt og gerlegt að umbreyta einhverjum námsleiðum í örnám strax á næsta háskólaári? (pilot-verkefni)
- Er fýsilegt og gerlegt að stækka einhverjar námsleiðir upp í 60 eða 90 ECTS strax á næsta háskólaári?
- Virkja þyrfti samþykktarferli skv. VLR-0057.
- Mögulegt að setja upp „hraðleið“

## 6. Samgöngu- og bílastæðamál

## Innheimta gjalds af bílastæðum

- Landspítali hóf gjaldtöku á síðasta ári með undanþágu fyrir starfsfólk og nemendur á völdum svæðum:
  - Bílastæði næst spítalanum eru gjaldskyld fyrir alla
  - Bílastæði fjær eru gjaldfrjáls fyrir nemendur og starfsmenn
  - LSH leggur áherslu á að hefja gjaldtöku á öllum bílastæðum sem fyrst en mun þó taka tillit til sjónarmiða HÍ
- Verið að skoða kosti og galla við mismunandi leiðir við HÍ:
  - Lokun bílastæða með bómuhliði
  - Gjaldtaka af völdum stæðum
  - Gjaldtaka af öllum stæðum

## Útboð þjónustu vegna innheimtu bílastæðagjalds

- Þjónustuaðili mun sjá um eftirlit með bílastæðum og innheimtu stöðugjalda
- Tekjur mæta kostnaði vegna reksturs bílastæða og samgöngumannvirkja
- Áætlun um næstu skref:
  - Lögð fram heildaráætlun um bílastæðamál fyrir lok þessa árs
  - Verkefnið boðið út í vetur
  - Samið við Strætó um U-passa fyrir starfsfólk og stúdenta
  - Undirbúningur og framkvæmd á vormisseri 2024
  - Gjaldtaka hefjist um mitt ár 2024



## 7. Fréttir af fræðasviðunum

## Frá Félagsvísindasviði

- Nýtt nám á meistarastigi á ensku í Viðskiptafræðideild: International Business and Project Management (90 ECTS). Áhersla á stjórnun alþjóðlegra fyrirtækja og verkefna
- David Reimer, prófessor við FVS og MVS, fékk nýlega 2 milljóna evra ERC styrk til að rannsaka félagslegan ójöfnuð við val á menntun
- Kennarafundur um gervigreind var haldinn í ágúst
- Félagsráðgjöf háskólanema hefur nú sitt annað starfsár og býður háskólanemum og fjölskyldum þeirra ráðgjöf um fjölskyldumálefni, uppeldi og samskipti
- Orator Félag laganema veitir endurgjaldslausu lögfræðiaðstoð eins og undanfarin ár. Nemendur í meistaranámi við Lagadeild veita aðstoð og svara fyrirspurnum undir handleiðslu starfandi lögmannna

## Frá Heilbrigðisvísindasviði

- 4. júlí var tekin skóflustunga að nýju húsi HVS á Hringbrautarreit sem mun gjörbylta aðstöðu til kennslu og rannsókna. Þar sameinast nær allar deildir HVS á einum stað, en áætlað er að húsið verði risið síðla árs 2026 og taki þá við endurbætur á Læknagarði sem ljúki um áramótin 2027-2028
- Frá því kennslu lauk sl. vormisseri hafa staðið yfir umfangsmiklar breytingar á Hermi- og færnisetri í Eirbergi og hefur það verið stækkað um ríflega helming og búnaður endurnýjaður
- Í haust eru 50 ár liðin frá því að fyrstu stúdentarnir hófu nám í hjúkrunarfræði við HÍ og verður þeim tímamótum fagnað í Hátíðasal 29. september. Á dagskrá verður m.a. innlegg frá fyrstu hjúkrunarfræðinemunum og veittur styrkur úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur
- 27. september stendur HVS fyrir viðburði undir yfirskriftinni „Gervigreind í þína þágu – Hvernig getur tæknin hjálpað okkur?“. Mikilvægt málefni sem er ofarlega á baugi í störfum okkar allra um þessar mundir



## Frá Hugvísindasviði

- Anton Karl Ingason, dósent í íslenskri málfræði og máltækni, hlaut ERC styrk til verkefni sem miðar að því að skýra hvernig málnotkun fólks breytist á lífsleiðinni
- Pólsk fræði er ný námsgrein í Mála- og menningardeild. Mariola Alicja Fiema hefur verið ráðin aðjunkt í pólskum fræðum. Framlag til að stuðla að heilbrigðu, samræmdu og skilningsríku samfélagi, enda eru Pólverjar fjölmennasti hópur innflytjenda hér á landi og pólska annað mest talaða tungumál á Íslandi
- Kennarar í íslensku og íslensku sem öðru máli eru fluttir í Eddu, nýtt hús Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Íslensku- og menningardeildar HÍ
- Guðmundur G. Sigurbergsson nýr rektstarstjóri Hugvísindasviðs

## Frá Menntavísindasviði

- Hátt í 900 þátttakendur sóttu evrópska ráðstefnu um heimilisofbeldi 11.-13. sept.
- Fagháskólanám í leikskólafræðum er hafið í samstarfi við HA. Leikskólafræði myndar brú á milli framhaldsskóla og háskóla og er skipulagt sem hálf tónám með vinnu í leikskóla í tvo vetur
- Menntakvika verður haldin 28.-29. september undir yfirskriftinni „Menntastefna og farsæld“. Flutt verða 225 erindi í 56 málstofum
- Í aðdraganda Menntakviku standa NýMennt (ný eining innan MVS) og Mixtúra hjá Skóla- og frístundasviði fyrir Menntabúðum – Science on Stage með áherslu á STEAM greinar
- 21. september fer fram ráðstefna um „Fjöltýngdar fjölskyldur og skólastarf“ og verða tungumálastefna, fjöltýngi og skólastarf í brennidepli
- MVS flyst úr Stakkahlíð í Sögu sumarið 2024. Fylgjast má með fréttum á síðunni - [hi.is/menntavisindasvid/ny\\_saga\\_stada\\_framkvaemda\\_og\\_frettir](https://hi.is/menntavisindasvid/ny_saga_stada_framkvaemda_og_frettir)

## Frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði

- 8.-12. ágúst voru stærðfræðibúðirnar „Stelpur Diffra“ haldnar í þriðja sinn. Markmiðið er að gefa stelpum og stálpum tækifæri til að kafa ofan í stærðfræði samhliða sjálfstyrkingu
- 31. ágúst var vígð ný Loftmyndasjá með sögulegum myndum úr loftmyndasafni Landmælinga Íslands. Myndunum var safnað úr flugvél og verður breytt í kort eða ferðatímavél yfir Ísland síðustu 80 ár
- Sama dag var „Skuggsjá“, ný tilraunastofa fyrir stjarnfræði undir stjórn Jóns Emils Guðmundssonar, lektors, opnuð í VR-III og verður notuð við hönnun og kvörðun á örbylgjusjónaukum framtíðarinnar
- 13. september flutti Sasha Rahlin, rannsóknarprófessor við Chicago háskóla, erindi um stjarnvísindi frá Suðurlandnum
- 22. september stendur Umhverfis- og byggingarverkfræðideild fyrir vinnustofu um „Framfarir í himnutækni fyrir samband vatns, orku og matvæla“ í Grósku

8. Fram undan

- 
- **Vigdísarverðlaunin 2023 afhent 6. október**
  - **Vigdísarsýning opnar í Gömlu Loftskeytastöðinni í desember**

- **Haustfagnaður starfsfólks haldinn á Háskólatorgi í dag kl. 16.00-17.30**
- **Opnun nýrrar sýningar á verkum Listasafns HÍ, „Listmíla tvö“, í dag**
- **Hjúkrunarfræði við HÍ í 50. ár, 29. september**
- **Afhending prófskírteina í Hátíðasal 27. október**
- **Háskólaþing 17. nóvember**

STUDEN  
TAKJAL  
LARINN

